

AUGLÝSING

um staðfestingu á verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripærækt.

Með vísan til 11. gr. reglugerðar nr. 1278/2011 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2012 og samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, dags. 10. maí 2004, hafa Bændasamtök Íslands sett reglur um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripærækt. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 19. mars 2012.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.

Fylgiskjal.

VERKLAGSREGLUR

um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripærækt.

1.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármagns sem ráðstafað er til þróunarverkefna af lið 6.4 „Óframleiðslutengdar og/eða minna markaðstruflandi greiðslur“ í „Samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu“ frá 10. maí 2004. Kveðið er á um árlega heildarupphæð þessara fjármuna í „Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda“ eins og hún birtist hverju sinni.

2.

Stjórn Bændasamtaka Íslands annast vörslu umræddra fjármuna, auglýsir tvisvar á ári eftir umsóknum og úthlutar styrkjum samkvæmt reglum þessum. Umsóknir um styrki skal senda til Bændasamtaka Íslands á eyðublöðum sem þau láta í té. Stjórn Bændasamtaka Íslands úthlutar styrkjum eftir umsóknum eða á grundvelli tillagna fagráðs í nautgripærækt, sjá 2. málslíð 3. greinar. Stjórnin skal leita umsagnar fagráðs í nautgripærækt um allar umsóknir sem henni berast skv. reglum þessum. Jákvæð umsögn fagráðs er forsenda styrkveitingar.

3.

Fagrád í nautgripærækt leggur faglegt mat á umsóknir um styrkveitingar. Styrkhæf eru hver þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska nautgripærækt.

Fagráðið getur gert sjálfstæðar tillögur um ráðstöfun fjár, enda samræmist það markmiðum um að styrkja þróun og þekkingu í nautgripærækt.

4.

Styrkþegar geta verið einstaklingar, rannsóknahópar, háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki/lögaðilar.

5.

Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

- a) Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
- b) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins.
- c) Tímaáætlun verkefnisins og helstu vörður þess.

- d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- e) Upplýsingar um hvernig niðurstöður verða kynntar og/eða hvernig verkefnið nýtist nautgriparáættinni.

6.

Umsækjandi skal skila lokaskýrslu til fagráðs eigi síðar en 3 mánuðum eftir að verkefninu lýkur. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu, fyrst 12 mánuðum eftir að styrkloforð er veitt. Sé vinna við verkefni ekki hafin innan árs frá því að styrkloforð var veitt, fellur það niður.

7.

Bændasamtökum Íslands er heimilt að greiða allt að helming styrkfjárhæðar þegar umsækjandi hefur lagt fram skýrslu sem sýnir að verkefnið sé sannarlega hafið og stofnað hafi verið til kostnaðar sem svari til allt að 50% af samþykktum heildarstyrk. Lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla um verkefnið hefur verið lögð fyrir fagråd og það veitt umsögn til Bændasamtaka Íslands.

8.

Bændasamtök Íslands geta krafist styrkþega um endurgreiðslu á greiðslum skv. 1. mgr. 7. gr. ef skýrsluskilum sbr. 6. gr. er ábótavant.

9.

Bændasamtök Íslands skulu árlega skila yfirliti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um ráðstöfun fjár samkvæmt reglum þessum. Fjárhæðir skulu sundurliðaðar eftir verkefnum.

10.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur sama efnis staðfestar af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 24. mars 2010.

Reykjavík, 1. mars 2012.

F.h. Bændasamtaka Íslands,

Eiríkur Blöndal.